



NIÐURSTÖÐUR AÐALFUNDAR VÁTRYGGINGAFÉLAGS ÍSLANDS HF.

SEM HALDINN VAR FIMMTUDAGINN 13. MARS 2014 KL. 15.

Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins.

Aðalfundur samþykkti að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur um kr. 0,73 á hlut fyrir árið 2013. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er 1.831 milljón króna sem samsvarar 85% af hagnaði félagsins. Arðsákvörðunardagur er 13. mars 2014 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 18. mars 2014 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 14. mars 2014 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 10. apríl 2014. Að öðru leyti er hagnaður ársins fluttur til næsta árs.

Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins.

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins fyrir árið 2013.

Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins.

Aðalfundur samþykkti að fella 2. mgr. 7. gr. samþykktu félagsins úr gildi, en að öðru leyti yrðu samþykktir óbreyttar.

Kosið í stjórn félagsins.

Aðalfundur kaus eftirfarandi einstaklinga í stjórn félagsins:

Aðalstjórn

Ásta Dís Óladóttir, kt. 041272-5709.

Guðrún Þorgeirsdóttir, kt. 080979-5929

Friðrik Hallbjörn Karlsson, kt. 180366-4909

Helga Jónsdóttir, kt. 231267-5309

Steinar Þór Guðgeirsson, kt. 190871-5929

Varastjórn

Árni Hauksson, kt. 250766-5569

Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, kt. 030778-5109

Brynja Dögg Steinsen, kt. 030876-4079

Davíð Harðarson, kt. 171076-4129

Óskar Hauksson, kt. 080373-5899

Kosning endurskoðunarfélags.

Aðalfundur kaus KPMG ehf. sem endurskoðunarfélag VÍS til næsta árs.

Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda stjórnar.

Aðalfundur tók eftirfarandi ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda fyrir árið 2014:

Þóknun stjórnarmanna verði óbreytt, þ.e. stjórnarmenn fái kr. 200.000 á mánuði en stjórnarformaður kr. 400.000 á mánuði. Að auki verði greidd þóknun að fjárhæð kr. 100.000 fyrir hvern aukafund sem stjórnarmaður mætir á, þó ekki fyrir fleiri en þrjá aukafundi í hverjum mánuði. Varastjórnarmenn fái greidda þóknun að fjárhæð kr. 100.000 fyrir hvern fund sem þeir mæta á.

Þóknun fyrir formennsku í endurskoðunarnefnd verði kr. 160.000.- á mánuði en að aðrir nefndarmenn fái greiddar kr. 80.000.- mánaðarlega.

Þóknun fyrir nefndarmenn í starfskjaranefnd verði óbreytt, þ.e. kr. 50.000.- fyrir hvern setinn fund.

Tillaga um starfskjarastefnu.

Aðalfundur samþykkti starfskjarastefnu félagsins sem er efnislega óbreytt frá síðasta aðalfundi. Starfskjarastefnan er meðfylgjandi tilkynningu þessari.

Tillaga um heimild til að kaupa eigin hluti.

Aðalfundur samþykkti eftirfarandi tillögu um heimild til að kaupa eigin hluti:

„Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf. þann 13. mars 2014 heimilar stjórn félagsins að kaupa á næstu fimm árum hluti í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutafé þess, þ.e. að hámarki kr. 250.275.704 hluti að nafnverði. Endurgjald fyrir keypta hluti skal miðast við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en samningur er gerður. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995.“